



## Fundargerð

277. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa,

haldinn að Tjarnargötu 12, 23. janúar 2020, kl. 13:15

### Viðstaddir:

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Gunnar Kr Ottósson skipulagsfulltrúi, Sigmundur Eypórsson. tæknifulltrúi, Sigurður Skarphéðinsson. Brunavarnir Suðurnesja og Brynja Þóra Valtýsdóttir. ritari.

\* \* \*

### 1. Tunguvegur 6 (2019090597)

Adrian Cybulski kt.161191-3379 sækir um byggingarleyfi fyrir að breyta bílskúr í auka herbergi sbr. meðfylgjandi gögn.

*Erindi frestað.*

### 2. Faxabraut 9 (2019090368)

Fagriblakur frá Keflavík, kt:661114-1180 sækir um byggingarleyfi fyrir að gera íbúð í bílskúr, sbr. aðaluppdrátt frá Þorleifi Björnssyni dags. 10.09.2019.

*Byggingaráform samþykkt.*

### 3. Hafnargata 86 (2020010056)

BHB Fasteignir ehf, sækir um byggingarleyfi til að breyta skráningu á efrihæð Hafnargötu 86 í fjölnotasal. Salurinn er ætlaðar til útleigu og er áætlað að salurinn geti tekið við 40 manns í sæti Handslökkvitæki eru staðsett samkvæmt ábendingum slökkviliðs.

Flóttaleiðir eru tvær, ein um neyðaropnun á glugga beint út undir bert loft, hin um aðalinngang á 1.hæð í gegnum stigahús sem er aðskilið frá 1.hæð að öllu leiti með EI90 veggjum. Þessi hluti byggingarnar er byggður árið 1959 og var áður skrifstofa. Á 1.hæð hússins eru skyndibitastaðir og vísast í eldri samþykktar teikningar sem liggja fyrir hjá RNB. Meðfylgjandi þessari umsókn eru nýir aðaluppdrættir frá RÚM teiknistofu dags. 05.12.2019.

*Erindi frestað.*



#### 4. Bjarkardalur 16-26 (2019120265)

B1626 ehf, kt. 6007170490 sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu 12 íbúða húss á lóðinni sbr. aðaluppdrátt frá Nýhönnun dags. 09.12.2019.

*Erindi frestað.*

#### 5. Vesturbraut 10 (2019120174)

Fasteignafélagið Morgan ehf, kt. 4310140920 sækir um byggingarleyfi til að breyta húsinu, bæði að utan og innan, sbr. aðaluppdrætti frá Þorleifi Björnssyni dags. 04.12.2019 Meirihluti framkvæmda er utandyra þar sem sólskáli er byggður og gluggum verður bætt við. Breytingar innanhúss taka mið af bættri aðstöðu bæði starfsmanna og viðskiptavina.

*Erindi frestað.*

#### 6. Brekadalur 59 (2019120143)

Gísli Þór Sverrisson, kt: 041072-4909 sækir um byggingarleyfi fyrir nýbyggingu að Brekadal 59, sbr. aðaluppdrátt frá M.V.M. ehf dags. 01.12.2019.

*Erindi vísað til skipulagsfulltrúa til frekari úrvinnslu.*

#### 7. Valhallarbraut 869 (2019110330)

Verne Global hf, kt.5203080160 sækir um að endurvekja byggingaleyfi US1610011, sbr. meðfylgjandi erindi dags. 28.11.2019.

*Byggingaráform samþykkt.*

#### 8. Stapabraut 5 (2019100327)

Ástríkur ehf, kt. 610115-0120 sækir um byggingarleyfi sbr. meðfylgjandi gögn.

*Byggingaráform samþykkt.*

#### 9. Hrannargata 6 (2020010246)

Kiwi-Stapinn ehf, kt.610110-1420, sækir um byggingarleyfi sem er fyrir í mhl 2 og tekur yfir rými í mhl 4 og byggð er tenging milli rýmanna, sbr. aðaluppdrætti frá Kára Eiríkssyni arkitekt, dags.06.01.2020.

*Byggingaráform samþykkt.*

#### 10. Selás 20 – Fyrirspurn (2019090080)


Sverrir Örn Leifsson, kt: 220786-5369 sendir inn fyrirspurn og óskar eftir því að hækka þak um 88 cm. Hæðarkóti þaks fer úr 19,50m í 20,38m. Gólfkóta er ekki breytt, gólfkóti er í samræmi við lóðarblað 13,20m.

*Embætti byggingarfulltrúa stöðvaði framkvæmdir þann 30. desember s.l. sökum þess að framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og endurbætta aðaluppdrætti frá Tæknisþjónustu SÁ ehf. dagsettir 20. desember 2019. Fullnægjandi hönnunargögn*





Byggingarleyfishafi framkvæmi samkvæmt endurbættum aðaluppdráttum við húsið þar sem m.a. hæðarkóti byggingar er leiðréttur.

Erind hafnað



Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00



  
Sigrður Skarphéðinsson